

**Stofnanasamningur  
milli  
Eflingar - stéttarfélags  
og  
Borgarholtsskóla og Menntaskólans við Hamrahlíð  
um forsendur röðunar starfa við skólana.**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS, hins vegar, dags. 7. apríl 2004 ásamt síðari breytingum.

### 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna í Borgarholtsskóla og Menntaskólans í Hamrahlíð – hér eftir nefndir framhaldsskólar - sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

### 2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 3 í þessu samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og lið 4 í þessu samkomulagi um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis innan hvors framhaldsskóla þegar störfum er raðað til launa. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis innan hvors framhaldsskóla.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum viðkomandi framhaldsskóla. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

### 3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

#### Grunnröðun

Almenn ræsting .....	Lfl. 5
Verkefnastjóri í ræstingum .....	Lfl. 6
Ræstingastjóri .....	Lfl. 8

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi framhaldsskólanna geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

#### 4 Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun

<b>Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að.....</b>	<b>2</b>
Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi ....	1
Frekara nám sem lokið er í samráði við skólann og nýtist í starfi .....	1
<b>Starfsreynsla.....</b>	<b>3</b>
Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu við sambærileg störf .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 3ja ára starfsreynslu við sambærileg störf .....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur 6 ára starfsreynslu í viðkomandi skóla.....	1
<b>Frammistaða allt að.....</b>	<b>3</b>
Heimilt er að meta til viðbótar persónulega hæfni/þætti sem varðar einstakan starfsmann svo sem samstarfshæfni, getu til að vinna flókin eða vandasöm verkefni eða aðra hæfni umfram það sem almennt gerist.	

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmentunar.

#### 5 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11 kafla kjarasamnings aðila.

#### 6 Álagsgreiðslur

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 – 24.00 mánudaga – föstudaga skal greiða þá vinnu með álagi samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

#### 7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

#### 8 Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008

Reykjavík 17. október 2008

f.h. Borgarholtsskóla

f.h. Menntaskólans við Hamrahlíð

f.h. Eflingar - stéttarfélags